En nú sem syrr mundi lýðræðisþjóðunum það óbætanlegt tjón, ef óvinir þeirra næðu Íslandi á sitt vald. Og einmitt þess vegna er yfirvoftandi hættá á, að tilraun til sliks yrði gerð, og þeim mun meiri, sem varnir eru hér veikari.

ÍSLAND GÆTI HAFT ÚRSЛИТАРЫДИНГУ

Auðvitað væri miklu þægilegra rétt í bili að loka augunum

fyrir þessum staðreyndum og kaupa sér með athafnaleysi frið fyrir rógi kommunista og nokkurr skammsýnna manna út af vörnum. Til þess þyrfti enga dirfsku, heldur það hugarfar að forða sér frá óþægindunum með því að svíkja þjóðina, sjálfstæði hennar og jafnvel tilveru.

Bætir það sízt úr skák um afneitun staðreyndanna, þótt það sé gert undir því yfirskini, að ef slik hætta væri fyrir hendi gætum við ekki kinnroðalaust falið öðrum að verja landið, heldur yrðum að gera það sjálfir. Því miður erum við svo fáir, að ekki munar verulega um okkar til varnar landinu, ef verulega reynir á, og þess vegna höfum við ekki annað úrræði en leita bandalags við önnur ríki, sem hafa að þessu leyti sömu hagsmuni og við.

Sú fullyrðing, að vegna þess að andstæðingar lýðræðisþjóðanna geti ekki haldið Íslandi í striði, muni þeir ekki reyna að taka það, fær ekki staðið. Því að jafnvel þó að hernám Íslands, af hálfu ofbeldisárasaðila, stæði aðeins stutta stund, mundi það geta gert ómetanlegtjón. Héðan væri hægt að gera skyndiárásir bæði á löndin til austurs og vesturs og trufla alla umferð um norðanvert Atlantshaf. Ýmsir halda, að ný stórstyrjöld mundi verða mjög skammvinn, vegna þess að á stuttum tíma væri hægt að koma til vegar slikum eyðileggingu, að úrslitum réði. Ef sú kenning er rétt, er greinilegt að einmitt i slíkri styrjöld gæti Ísland hast megin þydingu. Sú staðreynd, að hægt væri að hertaka Ísland fyrir hafnarlaust, af því að það væri með öllu óvarið, kynni því að vera lokaðastan, sem réði því, að ofbeldisáras væri hafin. Með þátttökum okkar í Atlantshafssandalaginu og vörnum á Íslandi höfum við lagt lóð okkar á vogar skálina, friðnum til framdráttar, og hver er sá, sem ekki kys fremur númerandi ástand en nýja heimsstyrjöld?

ENN ER YFIRVOFANDI STYRJALDARHÆTTA

Að sjálfssögdum vona allir góðviljaðir menn, að númerandi ástand breytist svo í friðarátt, að ekki sé þörf á erlendum varnarliði á Íslandi. En því fer fjarri, að enn sé svo.

Löngun lýðræðisþjóðanna til friðar er svo rík, að menn grípa hvert tækifæri, sem veit þang-að fegins hendi og reyna í lengstu lög að vona, að nú horfi svo, að eigi sér sömu líkur til yfirvoftandi hörmingar nýrrar heimsstyrjaldar sem áður. Í von sinni um betri tíma halda sumir, að Fróðafriður sé á næstu grósum, aðeins ef ofbeldismaðurinn staldar við um sinn eða ef í milliríkjaviðskiftum er ekki eingöngu viðhaft orðbragð götustráksins. Þessi tilfinning gerir jafnt vart við sig á Íslandi sem í öðrum lýðræðislöndum. Alls staðar heyrast raddir um, að nú hljóti að mega slaka á klónni, draga úr vörnum, af því að versta hættan sé liðin hjá.

En þeir, sem svo tala, gleyma því, að ef hættan er minni, sem enginn veit þó með vissu, er það fyrst og fremst vegna þess, að þau lónd, sem áður voru óvarin, eru nú varin svo að árásarmaðurinn hefur ekki jafn greiða yfirferð sem áður. Það er einmitt aukið valdajafnvægi í heiminum, sem á hefur komið við varnir lýðræðisþjóðanna, sem gerir að verkum, að nú virðist friðvænlegra en stundum fyrir. Sú stefna að efla samtök lýðræðisþjóðanna hefur þess vegna nú þegar sannast að vera rétt, enda sést að ófriðaröflin, forsprakkar hins alþjóðlega kommúnisma, hafa beinlinis gert um það samþykkt, að láta nú vinalegar en áður, ekki vegna þess að þeir hafi breytt um skoðun, heldur til þess að reyna með þessu að sundra lýð-

ræðisþjóðunum. — Enginn sá sem yfirsýn hefur lætur hins vegar ginnast til að hverfa af þeiri braut, sem til friðarins leiðir. Raunveruleg breyting á hugarfari forsprakka hins alþjóðlega kommúnisma, er fram kemur í verki eða óflug samtök lýðræðisþjóðanna tryggja þeir friðinn.

Þessi skilningur lýsti sér t. d. i samþykkt, sem flokksping verkamannaflokkins brezka gerði í lok september s. l., er hljóðar svo:

„Á meðan árásarhætta er verður Bretland ásamt bandamönnum sinum, að taka á sig byrðarnar af varnarráðstöfunum.“

Yfirlæfandi meirihluti Íslendinga er sömu skoðunar um þetta og brezki verkamannaflokkurinn.

Við viljum leggja fram okkar skerf til þess, að friður megi haldast jafnvel þó að af þeim ráðstöfunum leiði nokkra röskun á okkar högum um sinn, vegna þess, að sú hætta er smávægileg við þá hættu, sem yfir okkur vofir, ef nýtt heimsstríð skellur á.

Seinni hluti

AFSTAÐA FRAMSÓKNAR

Menn hafa mjög rætt um framkvæmd varnarsamningsins og vitnað til ymiskonar gagnrýni á hana og m. a. haldið því á lofti, að Framsóknarmenn hafi tekið undir hana. Af því tilefni þykir mér rétt að lesa hér upp um mæli, er ég hafði á fundi í Varðarfelaginu nú í haust, sama daginn og númerandi ríkisstjórn tók við. Þau hljóða svo:

„Tíminn hóf strax eftir kosningar skrif og réðist á mig og varnarmálaneftindina mjög harkalega. Mér var strax ljóst í hvaða tilgangi þetta mundi vera gert. Ef svo fær að Framsóknarmenn fengju utanrikismálin í stjónarsamningum og það var við búa á óvast og alltaf ráðgert að þeir mundu fá þau, ef við mynduðum ríkisstjórnina, þá var um að gera að hafa rakkað betta niður allt sem allra mest, gert allt sem ljótast til þess svo að þegar Framsóknarmennirnir kæmu og tækju við, þá gætu þeir á skammri stundu þótt breyta öllu og látið nú lita úr eins og bætt væri úr allri þeirri vanrækslu, sem ég og mínir aðstoðarmenn og meðstarfsmenn bæru ábyrgð á. Þetta er hyggileg undirbúnungur og kemur sjálf sagt að gagni nú þegar hafa fengið málin“.

Mér virðist þessi ummæli mínhafa rætt, en vil að öðru leyti óska eftirmanni mínum, númerandi hæstv. utanrikisráðherra, allra heilla í hans vandasama starfi, og heiti honum fullum og afdráttarlausum stuðningi.

ALLIR LÝÐRÆÐISFLOKKARNIR STÓÐU AÐ SAMNINGNUM

Um varnarsamninginn og framkvæmd hans koma einkum tvö sjónarmið til greina. Annars vegar, að varnirnar verði eins öruggar og atvik leyfa. Hins vegar, að þær truflu ekki þjóðlif okkar meira en brýnasta þörf er á.

Um samningardóina er það að segja, að af hálfu ríkisstjórnar Íslands, sá ég, sem utanrikisráðherra um hana og ber að því leyti ábyrgð á henni, óðrum fremur. Samstarfsmenn míni við samningsgerðina voru þó ýmsir, þar að meðal sérstaklega tilnefndir fulltrúar frá hinum lýðræðisflokkunum tveimur, Framsóknarflokknum og Alþýðuflokknum. Öll atriði samninganna, smá og stórvoru jafnöðum borin undir ríkisstjórnina og áður en samningunum var lokið, undir þingflokkla lýðræðisflokkanna þriggja,

þar á meðal ekki aðeins sjálfur aðalsamningurinn og samningarnir um réttarstöðu og annað slíkt, heldur einnig samkomulag um þau einstök framkvæmdaratriði, sem menn komu sér saman um strax í upphafi, svo ekki yrði ágreiningur síðar um framkvæmdina.

FERÐIR VARNAR-LÍÐSMANNA

Meðal þeirra framkvæmdaratriða, sem þannig voru lögð undir flokkana, og engar athugasemdir komu þá fram um, var það ákvæði, sem Guðmundur Í. Guðmundsson gat áðan. Þetta orðrétt:

„Bandaríkin fallast á, að menn í herliði þeirra, ásamt skyldulíli og starfsmenn verktaða Bandaríkjastjórnar, beir, sem ekki eru islenzk þegnar, skuli búa á samningasvæðunum, nema islenzk stjórnarvöld samþykki annað. Ákvæði þetta skal eigi skýrt svo, að fólk þessu sé óheimilt, ef það er á ferðalagi eða í leyfi, að dveljast um stuttan tíma á gistihúsum eða óðrum súlikum stofnunum á Íslandi, sem opnar eru almenningi eftir því, sem húsrými er fyrir hendi“.

Þetta ákvæði sýnir svo glögg, að ekki verður um villst, að rétt er, það sem ég hefi haldið fram áður hér á Alþingi, að frá upphafi var um það samið, að varnarlíðsmenn skyldu frjálsir ferða sinna á Íslandi, með þessum takmörkunum, á sama veg og aðrir erlendir menn, sem löglega eru inn í landið komnir. Menn geta talið að þetta sé heppilegt eða óheppilegt, en svona var um þetta samið, og því verður ekki breytt einhliða af islenzkum stjórnarvöldum nema með hæfilegri uppsögn, heldur þarf um það nýja samninga, og lýsir það sannast sagt litill Karlmannsku, að einmitt sumir þeirra manna, sem frá upphafi voru þessu ákvæði fullkunnugir, skuli eftir á ráðast á mig og samstarfsmenn mína fyrir að framfylgja því. Einkum begar að því er gáð, að um þetta hafa síðar fengið settar miklu strangari reglur en samkvæmt samkomulaginu voru ráðgerðar. Verður ekki komið hjá að benda á, að háttvirtur 1. landkjörinn bingmaður, Gylfi Þ. Gislason hefur sagt svo rangt frá, um þessar staðreyndir, og ranglega hermt upp á tilgreindan trúnaðarmann ríkisstjórnarinnar, að hann hafi gefið aðrar upplýsingar, þar sem þvert á móti er sannanlegt, að Gylfi Þ. Gislason fékk fullkomna vitneskju fyrir samningsgerðina um öll þessi atriði.

REYNSLAN HLÝTUR AD RÁÐA

Við hér á Alþingi, sem sitjum mánuðum saman yfir því, að breyta og bæta lög, sem við höfum oft nýlega sett um efni, er við gerþekkjum, ættum hins vegar ekki að láta sém það væri nokkur nýung, þótt reynslan sýni að einhverju þurfi að breyta um samningsákvæði um svo nýstárleg efni fyrir okkur, sem varnir landsins. Ákvæði samningsins og endurskoðun hans og uppsögn sýna að fyrir þessu var aðið gert ráð. Enda er það eftirtektarvert, að vestan hafs hefur samningurinn einmitt sætt harðri gagnrýni af því, að hann sé okkur of hagstæður að þessu leyti. Samningur sá, sem Bandaríkjameð hafa nýlega gert við Grikkland um stöðvar þar í landi, er að þessu leyti ólikur, því að hann á að standa allan gildistíma Atlantshafssamningsins eða til 1969.

Uppsagnarákvæðið í samningi okkar sýnir hins vegar svo skýrt sem verða má hversu marklaust það tal er, að nægt sé að óvriga okkur til að hafa varnirnar lengur en við sjálfir viljum. Framh. á bls. 7.

RÍKISSTJÓRNIN ÖLL ÁKVÆÐ FRAMKVÆMDINA

Um framkvæmd samningsins vil ég geta þess, að henni var svo háttáð, að ég sem utanrikisráðherra hafði yfirstjórn hennar, en ég tilnefndi síðan einn trúnaðarman og lýðræðisflokkurinn, sinn hvorn, og skyldu þessir þrír menn fara með daglega framkvæmd og yfirleitt hafa milligöngu við hina erlendu aðila, jafnvel þó að mörg og jafn vel flest þau atriði, er upp kæmu, heyrðu undir önnur ráðuneyti en utanrikisráðuneyti. Öll þau mál, er nokkra þyðingu voru talin hafa, voru hins vegar borin undir ríkisstjórnina alla og eftir atvikum fulltrúa frá lýðræðisflokkunum þremur. Segja má, að þessi aðferð hafi verið þung i vöfum, en hún átti að leiða til þess, að öll sjónarmið kæmst að og að framkvæmdinni væri ekki ekki hagað neinum einum flokki eða aðila til framdráttar, heldur allri þjóðinni.

Auðvitað er í þessu sem öðru hægara að vera vitur eftir á en sjá allt fyrir, en mjög efast ég um, að þír hæfari, skeleggari og betur menntaðri menn verði fengir til meðferðar þessara mál, en þeir Hans G. Andersen, Guðmundur Í. Guðmundsson og Agnar Kofo

Útværpsræða Bjarna Benediktssonar

Framh. af bis. 2.
laginu 1952, enda hafa Sameinaðir verktakar leyst störf sin af hendi með sámd.

HAMILTON-FÉLAGID

Sum hinna nauðsynlegu mannvirkja voru hins vegar þess eðlis og kröfðust sliks vélakosts, að íslenzkir verktakar töldu sér ekki fært að annast þau, eins og þá stóð, og var þá ekki örðu til að dreifa, en að erlendur verktaki færi með framkvæmdina og er það út af fyrir sig engin nýjung, sbr. t. d. Sogsvirkjunina. Í samþúðinni við Hamilton-félagið hafa hins vegar risið svo miklir örðugleikar, að illviðunandi er. Enda lét ég veita félagini að vörum um, að það mætti búast við að brottfarar þess yrði krafist, ef ekki væri úr bætt. Sannleikans vegna er þó skylt, að geta þess, að dómar manna um þennan verktaka eru nokkuð misjafnir, bannig segir Jón Kristgeirsson í Tímanum, dags. 23. okt., s.l., svo: „Talsvert hefur einnig borið á hreyfingi innan vallarins þannig, að starfsmenn hafa óskað eftir að fara frá einum atvinnurekanda til annars. Er það einkum fölgjó i því, að reyna að komast til Hamiltonfélagsins . . .“.

Aðalatriðið er það, að engan erlendan verktaka og engan erlendan verkamann að bæla hér deginum lengur en nauðsynlegt er, til að varnirnar komist nægilega fljótt i nögu öruggt horf. Þetta verða þeir, er með framkvæmdina fara af hálfu Íslendinga, að meta hverju sinni. Þar skiftir það nú meginmáli, að á s.l. sumri var tekin ákvörðun um það að draga úr hraða nýrra varnarframkvæmda yfirleitt hjá Atlantshafsríkjum. Eðilegt er að hraði framkvæmdanna hér verði endurskoðaður í ljósi þessa samkomulags, og framkvædmunum þá dreift á fleiri ár. Ef það er fært, leiðir af sjálfa sér, að hinir erlendu verkamenn hverfi úr landi.

SAMSKIFTIN

En menn verða að gæta þess, að mikið liggar við, bæði vegna varnanna, og skaplegra sambúðarháttar, að sem fyrst myndist viðhlitandi aðstæður á Keflavíkurflugvelli. Ég játa, að ég hefi minni trú en sumir aðrir að haldgæði þess úrvæðis, að loka hinna erlendu varnarliðsmenn inni í gaddavísgjörðum og meina þeim allan samgang við landsfólk. Það er að minnsta kosti óframkvæmanlegt, meðan svo margir Íslendingar vinna að þessum framkvæmdum, sem enn er. Aðalurræðið í þessu hefur að minni hyggju ætið verið það, að koma sem fyrst upp viðunandi vistarverum úti á Keflavíkurflugvelli, þannig, að hinir erlendu menn gætu unað þar. Þetta hlaut að taka sinn tíma, en eftir því, sem stundir líða, verður þetta allt auðveldara.

En það verða menn að skilja, að þeim mun fleiri Íslendingar, sem vinna að þessum málum, því meiri verða samskiptin.

Sum þessara verka eru og hreinlega hernaðar-eðlis. Það er t. d. ómögulegt að taka að sér gæzlu radar-stöðvanna eða oliugymanna í Hvalfírdi nema hafa til þess vopnað lið. Gæzlan er einmitt í því skyni að vera viðbúinn vopnaðri áras eða skemmd arverkum, hvenær sem er. Hún er þess vegna gersamlega þýðingarlaus, ef ekki er viðbúnaður til að standast slikt. Með þessu er ég ekki að mæla í móti því, að Íslendingar taki þetta að sér. Þvert á móti. Menn verða aðeins að gera sér það ljóst, hvað i óskum þeirra sjálfrar felst.

Eins er það, að þótt varuðar verði að gæta um þessi samskipti

sem önnur, þá er fjarstæða að íslenzkri menningu stafi sík hætta af þeim, sem sumir öfgamenn vilja vera láta. Árlega fara þúsundir Íslendingar til útlanda og dvelja þar sumir árum saman og halda þó þjóðerni sínu og tungu. Íslendingar munu á sama hátt standa af sér þá raun, sem betta er.

Hitt er óbætanlegt, ef áróður kommunista yrði til þess, að Íslendingar létu undan fallast að tryggja landi sínu varnir einmitt á þeim árum, þegar úrslitum getur ráðið um heimsfriðinn, hvort nokkur hlekkur slitnar í varnarkeðju frelsis og mannréttinda.

NAUÐSYN ÍSLANDS

Þjóðvarnarmenn segja öðru hvoru, að við, sem teljum nauðsyn á vörnum á Íslandi höldum því fram, að Bandaríkin séu hér okkar vegna og geri það sem einhvers konar góðverk við okkur að annast varnirnar. Aldrei hefi ég haldið sliku fram, né heyrta neinun annan gera það. Auðvitað eru Bandaríkin hér vegna sjálfrasín, til þess að halda uppi vörnum í þessum heimshluta og tryggja heimsfriðinn. Alveg á sama hátt leyfum við Banda ríkjum önnum að vera hér vegna sjálfrar en ekki vegna þeirra. Það er vegna þess að íslenzkir hagsmunir krefjast þess að vörnum sé haldið uppi á Íslandi, sem við höfum fallist á, að Bandaríkja menn séu hér. Það er nauðsyn beggja, sem hér er að verki, og er það ekkert sérstakt, heldur það sama, sem ætio kemur fram þegar samningar eru gerðir. Þeir byggjast á sameiginlegum hagsmunum. Meðan þessir samningar standa er það báðum aðilum jafn nauðsynlegt, að sambúðin geti farið skaplega fram og sem allra árekstára minnst. Þess vegna verður að treysta því, að nauðsynlegar breytingar fáist á samningunum jafnframt því, sem við verðum auðvitað að taka sanngjarn tillit til gagnaðila okkar.

LÝSING ÞJÓÐVARNAR MANNA Á KOMMÚNISTUM

Menn hafa heyrta, hér í umræðunum að um málefni er ekki maðkurinn í mysunni í milli kommúnista og Þjóðvarnarmanna. Þar standa heir allir sem einn, einkanlega í þeim málum, sem íslenzkja þjóðin kann að eiga ekki aðeins sjálfstæði sitt heldur bokstaflega tilveru sína undir, sem sé utanrikis- og varnar málunum.

I þeim málum leggjast þessir herrar allir á eina sveif, heimta algert varnarleysi landsins. Þar blygðast Þjóðvarnarmenn sín ekki fyrir að hjálpa kommúnistum, þótt þeir í blaði sínu segi, að stefna kommúnista sé „glæpsamlegt glæfraspil“ manna, sem „breyti samkvæmt þeiri kenningu, að tilgangurinn helgi tækjó og eru því alvanir að snúa snældunni, eins og bezt þykir henta hverju sinni“, og hafi að ein kunarorðum: „Drepum, drepum í austri“.

Pannig lýsa Þjóðvarnarmenn kommúnistum, þegar þeir eru að reyna að afla sér atkvæða. Mönnunum, sem forsprakkar Þjóðvarnar hafa ýmist verið í flokki með, fylgt eða haft opinbert bandalag við til skamms tíma. Þeir bæta því m. a. s. við um þessu andans feður sína, „að þeir hafi ekkert brúk fyrir Íslending nema til þess að blekkja hann með einum hlut í dag, öðrum gagnstæðum á morgun“, enda „sé þeim málstaður Íslands einskis virði, nema ef unnt er að nota hann í þjónustu og tilgangar sinum eigin flokki“. Ef landið væri óvarið eru allar

DÓMGREINDARLEYSI PJÓÐVARNAR-MANNA

Þegar athugað er, að Þjóðvarnarmenn lýsa nú yfir því, að þeim hafi svo geypilega missýnt um jafn augljósa staðreyni sem eðli kommúnismans og forystumanna hans, þá mundi þeim óneitanlega sæma betur meira lítilæti í dómum um menn og málcfni. Öll saga og atferli Þjóðvarnarfor sprakkanna fyrr og síðar ber órekjanlegt vitni um dómgreindarleysi, trúgírni og hæfileikaskort um mat á þeim staðreynum, sem mestu varða fyrir frelsi og öryggi íslenzku þjóðarinnar, svo að ekki sé vikið að svo litlvægum atriði, að Þjóðvarnarmaðurinn skuli ruglast á bílum helztu stuðningsmannasínna og hins nýja utanríkisráðherra. Það er skopleg glámskyggni, hitt er hörmulegt, þegar hann telur órlög íslenzkra sjómanna í síðustu styrjöld „sönnun fyrir vernd hlutleysisins“, órlög sjómannana, sem fleiri mistu þá lítið hlutfallslega en margar ófriðarþjóðirnar misstu af mönnum sínum.

Í sjálfu sér getur engan undrað, bótt ýmsir séu andvígir dvöl erlends varnarliðs í landinu og telji varnirnar yfirleitt óþarf. Þeir menn, sem svo hugsa enn, eru sömu skoðunar sem við Íslendingar, aðrir en kommúnistar, vorum yfirleitt til skamms tíma.

RÚSSA-ÞJÓÑUSTAN

Kommúnistar kröfðust þess þar á móti strax 1939, að varnir landsins væru tryggðar, þeir gerðu það vegna þess, að það hentati þá hagsmunum Rússia. Sama skoðun kom enn fram hjá Brynjólfssí Bjarnasyni á Alþingi 1941, þegar hann sagði, að á Íslandi mætti skjóta án miskunnar, aðeins ef það kaemi Rússum að gagn i vörn þeirra gegn Þjóðverjum. Nú vilja kommúnistar varnarleysi Íslands, af því að það hentat Rússum eins og sakir standa. Það er þjónustan við Rússia, sem nú ræður gerðum kommúnista í þessu eins og endra næri.

Sama er um þá svokallaða Þjóðvarnarmenn, sem eru beinir útsendarar kommúnista, flugumenn, til að ginna heiðarlega rétt jarðarvini af réttir braut. Vitanlega vakir gott eitt fyrir flestum af fylgismönnum Þjóðvarnar og raunar kommúnista einnig. Þessir menn hafa aðeins ekki átt að sig á þeim breytingum, sem gerþeytar aðstæður hafa haft í för með sér. Mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur skilið eðli og afleiðingar þessara breytinga, en enn hefur verið hægt að villa um fyrir þeim, er ekki hafa gefið sér tóm til að kynna sér þessi mál. Það er að langmestu leyti uppeldis- og fræðsluatriði, að fá menn til að skilja, að á slíkum hættum, sem nú getur Ísland ekki fremur en önnur þjólönd verið varnarlaust. Í þeirri fræðslu hefur nú þegar mikið áunnist og er eðlilegt, að í þessu sem öðru eigi menn misjafnlega auðvelt með að átta sig á nýjum staðreynum.

VERUM EKKI EINS OG STJÓRNLAUST REKALD

Auðvitað vildum við allir geta látið deilur stórveldanna afskipta lausar. Gallinn er sá, að reynslan hefur þegar sýnt, að PAU láta OKKUR ekki afskipta us. Úr því skar síðasta heimsstyrjöld svo skýrt, að ekki verður um villst.

Því fer þess vegna fjarri, að ágreiningurinn milli Austurs og Vesturs komi okkur ekki við. Það væri óðs manns æði að búast við, að land okkar drægist ekki inn í hernaðarátok, ef úr því vætur nulli þessara til. Ef landið væri óvarið eru allar

likur til, að kappblaupið verði um, hver geti fyrst hremt það.

Við það kappblaup mundi hættan á blóðugum bardögum um landið og tortimingu landsfólkssins stór aukast.

Þótt fley okkar sé smátt er okkur Íslendingum eigi síður antum það en hinum, er stærri far kost eiga er um hann. Við eru að vísu meðal hinna smæstu af smá-þjóðunum, en við viljum og verðum ekki síður en stórbjóðirnar að sjá okkur sjálfum og landi okkar borgið. Aðferðirnar eru misjafnar en verkefnið er hið sama í eðli. Sá, sem ekki vill vera sjálfstæður og leggja nokkuð af mörkum til þess, — ýmist einn eða i samvinnu við aðra — han getur ekki til lengdar haldið sjálfstæði sínu.

Kommúnistar vilja stýra íslenzku þjóðarskúturnni til austurs, og Þjóðvarnarmenn segjast vilja láta hana reka sem stjórn laust rekald. Þeir gefast upp við að reyna að sjá okkur farþorda og kasta fyrir þorð hugsjón sjálfstæðis og manndóms. Við hinir viljum halda í horfinu og búa okkur undir óveðri, sem i aðsigi er. Ef það gengur hjá, sem við vissulega vonum, hefur varúdin að vísu valdið óþægindum um sinn, en óþægindum, sem eru smáðæði hjá þeirri hættu, sem verið er að forðast með skynsamlegum aðgerðum.

GERUM OKKAR TIL AÐ HEIMSFRIDUR HALDIST

Hvort sem okkur bykir betur

eda ver eru örlog okkar nátengd þjóðunum, sem umhverfis okkur búa. Þegar af þeiri ástæðu getum við ekki skorist úr samfélagi vestranna þjóða. En við eignum fleira sameiginlegt með hessum þjóðum en nálægðina.

Baráttan, sem nú er háð í heimnum, er annars eðlis en venjuleg stórveldaátök. Sameiginleg trú á frelsi og mannréttindi tengir okkur við okkar voldugu nágranna. Ef ofbeldið eyðir þessum hugsjónum er það ekki síður hættulegt fyrir okkur en hina afhlameiri. Það væri þess vegar vegra alger fásinna, að láta svo sem baráttan milli frelsis og kúgunar, lýðræðis og áþjánar, komi okkur ekki við.

Enn er hugsanlegt, að þeirri baráttu linni án þess, að til nýrrar stórvyrjaldar komi. Meðan hugarsarsbreying verður ekkja hjá kommúnistum, er helzta vonin til hess sú, að lýðræðisríkin verði svo óflug, að ofbeldisríkin sjálfstæði að áras er vonlaus. Ef höggvið er skarð í varnarmúrin aukast hins vegar likurnar fyrir því, að skyndiðar takist.

Enginn veit, hvað úrslitum ræður að lokum milli friðar og ófriðar. Hitt er augljóst, að afstaða Íslands GETUR haft baráhrif og e. t. v. ekki smávegileg. Við, sem viljum að Ísland sé varíð meðan svo horfir sem nú, viljum það, af því, að við eru sannfærðir um, að með því veitum við verulegan stuning til þess að friður megi haldast í heiminum. —

„Eg elska hvorttveggja — fjölskyldulífið og listina“

— segir sœnska kvíkmyndasöngkonan Alice Babs



Alice Babs við hljóðnemann

Gullfaxa, sem flutti þau hingað frá Kaupmannahöfn.

komið prisvar fram í Stuttgart á þessu ári. Einnig hélt ég hljóðleika í Sviss, m.a. í útvarpið í Bern, Genf, Basel og í sjónvarpið í Zurich — líka kom ég fram í útvarpið í Köln og Hilversum í Hollandi. Auk þess fór ég á þessu ári í hljóðleikaför til Noregs og Finnlands og í dag, einum klukku tíma áður en ég lagði af stað til Íslands, barst mér í skeytti tilboð frá Paris, — líklega mun ég syngja í Nizza í janúarmánuði næstkomandi.

KOM FYRST FRAM 10 ÁRA

— Þér voruð kornungrar, þegar þér byrjuðuð að syngja og leika?

— Tiu ára, þegar ég kom fyrst fram opinberlega í Västervik í Austur-Svíþjóð. Þegar ég var þrettán ára fluttumst við til Stokkhólms, og 15 ára byrjaði ég að syngja þar, fyrst á veitingahúsi og síðar á stóru skemmtileikhúsi í borginni. Svo töku kvíkmyndirnar við.

— Er ekki starf kvíkmyndaleikunarrar strangt og breytandi?

— Jú, það er það víst, en söngur og leikur er mitt líf og yndi og ég reyni að skipta mér á milli heimilis- og fjölskyldulífsins annars vegar og svo listarinnar hins vegar. Það gengur ágætlega.

VISSI AÐ HVERJU HANN GEKK

— Þér eruð með bónann með? — Já, hann langaði endilega til að koma til Íslands. Annars er hann yfirleitt ekki með mér á söngferðum minum. Hann hefur mjög mikinn áhuga á starfi minu og sæti sín sú gickeföldum vestur-Þýzkalands. Hef ég

1. júní

1. júní

Sýniskorn af „frjettapjónustu(!!)“ ísl. kommúnista erlendis

Hinn 17. maí s.l. birti danska kommúnistablaðið Land og Folk einkaskeyti frá Reykjavík. Þar segir m. a. skráð stórum stöfum:

„FÖRSTE ALVORLIGE KRAFT PRÖVE MED DEN AMERIKANSKE BESÄTTELSESMAGT.“

Og tveimur dögum seinna segir Friheten, kommúnistablaðið í Oslo einnig eftir skeyti frá Reykjavík:

„EN KRAFTPRÖVE MED DEN AMERIKANSKE OKKUPATIONSMAGT.“

Með þessum fregnum er fengin sönnun syrir því, sem á sínum tíma var sagt hjer i blaðinu, að kommúnistar mundu út á við reyna að túlka deiluna út af visitölugreiðslunni sem deili við varnarliðið.

Verkföllin áttu sem sagt alls ekki að vera út af visitölunni heldur til að mótmæla komu varnarliðsins til landsins!!!

Um sannindi þessa þarf ekki að rœða hjer á landi en slikur er sá fróðleikur, sem kommúnistar bera á horð erlendis um íslensk málæfni.

Það er í stil við annað, að kommúnistar í Reykjavík skulu einnig hafa símað til Friheten á þessa leið:

„PRENTARARNIR í Reykjavík hafa syrir nokkrum dögum tilkynnt, að þeir muni ekki prenta blaðagreinar, sem eru á móti verk fallsmönnum“.

Íslendingum er það vel kunnugt, að kommúnistar reyndu að fá prentarafjelagið til að neita að prenta þau blöð, sem væri andvíg verkfallinu. Þessi tilraun kommúnista vakti almenna andúð og fyrirlitningu og prentarar vildu ekki sinna henni að neinu.

Þær undirtektir skifta komma engu. Þeir síma fjarstæðuna út engu að síður sem staðreynd og

2. júní

2. júní

„ELKI SIERLAGA STERKIR“

Mörg skorðar eru hafa komið til munni kommúnista vðsvunar verina þess, að Íslendingar vilja ekki lúta land sitt lengur vera varnarlæst.

Sænska kommúnistablaðið Ny

Dag nefir verið einna iðnast við að róðbera Íslendinga syrir það, að þeir skuli dirfast að vilja láta verja land sitt fyrir kommúnistiskri áras. Kommúnistum í Svíþjóð til afbötunar ber þó að geta þess, að þeir eru barna ekki einir að verki heldur hafa menna af íslensku bergi brotnir skrifð sumt og látið Svi um í tje annað af rógsefninu.

EKKI SKAL HJER DÆMT UM ÞAÐ, hvort sá sje af íslenskum eða sænskum uppruna, er skrifar um þetta jóna-syni, löttir eimilir jóna-ung-ákur-takka Lang régnum Regnum loft-eimili ötu 6, nóna-Regnum loft-eimili stóðar frá. Greinarhöfundur gerir sjer sem sagt ljóst, að ef vitað

...AÐ VÍSU ER HINN ÍSLENSKI HERAFLI EKKI SJERSTAKLEGA STERKUR — —“ o. s. frv.

Með þessu er sagt, að Íslendingar hafi bó all-sterkt vernarlið sjálfir ir og þurfi því ekki aðstoð annars staðar frá. Greinarhöfundur gerir sjer sem sagt ljóst, að ef vitað veri, að Íslendingar hefðu sjálfir saman alls ekkert varnarlið, þá væri ómöglilegt að gera það toðtryggilegt, að við viljum eins og nú hattar í heiminum tryggja okkur varnir í tóku frá bundamönnum okkar.

5. júní

3. júní

3. júní

Frjettir frá Rússlandi

Nýlega var sagt frá því hjer í blaðinu, hvernig sjónvarpið hefir þróast á örfáum árum og er nú orðinn þýðingarmikill þáttur í lifi almennings, einkum í Bandaríkjum.

Pegar greinin var skrifuð höfðu því miður ekki borist síðustu fregnir um uppruna sjónvarpsins.

Í s. l. viku var sem sje sagt frá því í rússneska útvarpinu, að þá dagana hefði í Leningrad verið haldinn fundur til að minnast „fjörutíu ára afmælis fyrsta sjónvarps í heimi“.

Óþarf er að taka fram, að sv. þessum nýju fregnunum á hið fjörutíu ára „fyrsta sjónvarp í heimi“ að hafa átt sjer stað í Rússlandi!!!

5. júní

Skyrt frá „hernámi Lundúnaborgar“ (!)

Í rússneska útvarpinu og þarendum blöðum var skyrt frá gerð varnarsamningsins með þeim hætti, að „nú væri Bandaríkin búin að hernema allt Ísland“, enda væri sjálfstæði þess úr sögunni (!).

Samkvæmt frásögn danska kommúnistablaðsins „Land og Folk“ stóð ekki á „Kristin Andersson som er formand for Fredens Tilhengere i Island“, að staðfesta þenna rógburð á blaðamannafundi, sem hann hjelt í Moskva eftir að hann var búinn að skoða fæðingarstað Stalins.

Auðvitað mundi sílikur frjettaflutningur vera lagaður til þess að skaða Ísland og Íslendinga, ef hann kæmi frá örðrum en kommúnistum. En allir frjálshuga menn vita fyrir löngu, að ekki er neinu orði kommúnista að trúa.

Til marks um frjettaflutning

a pessa fólks er það, að sömu dagana sem „formaðurinn í Fridarvinafjelaginu á Íslandi“ staðfesti
r austur í Moskva, að búið væri að
n hernema allt Ísland, birti „Fri-
n g heten“ blað kommúnista í Oslo
mynd frá „hinni hernumdu
Lundúnaborg“. Það er að segja
Bandaríkjameð áttu að vera
búnir að „hernema“ sjálfa London, höfuðborg breska heimsveldisins.

Sannleikurinn er sá, að bæði Bretar og Frakkar hafa með svip uðum hætti og Íslendingar tekið inn í land sitt nokkuð lið frá Bandaríkjum til að tryggja varnir sinar. Slikar varnarráðstafanir eiga auðvitað ekkert skylt við fjandsamlegt hernám.

En úr því að stórveldin Bretland og Frakklund, sem hafa miklum her á að skipa, fá erlent lið sjer til varnar, hvern getur þá undrað, að Íslendingar, sem eru alveg varnarlausir, geri slikt hið sama?

6. júní

„Leynifundir í Reykjavík“
segja Rússar

Rússnesk blöð og Tass-frjettastofan hafa undansarið ritað mikið um Norðurlöndin og eru þau skrif öll hin fáránlegustu. Fyrirsagnir grein anna hafa verið meðal annars „Stríðs undirbúningur í Finnlandi“. — „Ensk-sænskar flotaæfingar í Eystra sali“, — „Bandaríkjamenn ætla að hernema Danmörk og Noreg“, — „Bandaríkjamenn hernema Íslands“ o. s. frv.

I Tass-frjett er sagt frá því „að nú er Bandaríkjamenn hafi hernumið Ísland og Grænland sje næsta sporið að gera Norður-Evrópu að herstöð með áras á Sovjetríkin fyrir augum“.

Þá hafa rússnesk blöð birt um það rosafrjettir að undansarið hafi leynifundir verið haldnir í Reykjavík, þar sem rætt hafi verið um fyrirhugaða innrás Bandaríkjamaðra í Noreg og Danmörku“.

Samkvæmt því, er norska blaðið

„Morgenavisen“ segir, var ~~þessi~~ frjett um leynifundina fyrst birt i finnsku kommúnistablaði.

6. júní

Úr orðabók kommúnista

Eitt einkenni í áróðri kommúnista er, að þeir breyta merkingu orða. Til þess að skilja áróðursrit þeirra rjett, væri eðlilegt að menn hefðu handhægt orðasafn, þar sem gerð væri glögg grein fyrir því, hvaða merkingu kommúnistar leggja í algeng orð, því að merking þeirra er oft þver öfug við þýðingu orðanna í venju legu mæltu máli.

Þegar kommúnistar tala t. d. um „landráð“ og „landráðamenn“, þá eiga þeir við menn, sem ekki vilja aðhyllast yfirráð Sovjetríkjanna. Það kemur einkenilega fyrir sjónir að menn skuli geta brenglað hugtökum í alvöru á þennan hátt.

En við nánari athugun verður þetta eðlilegt frá kommúnistasjónarmiði. Þeir lita svo á að Sovjetríkin sjeu þeirra föðurland og þeir noti líf og krafta sína því aðeins rjett, að þeir vinni fyrir þetta „föðurland“. Allir menn, sem meta meira hagsmuni þjóðar sinnar, en hagsmuni Sovjetríkjanna þeir eru í augum kommúnista „föðurlandssvikarar.“

Þetta er ekki aðeins svo hjer á Íslandi. Þetta er algild regla um allan heim, og getur ekki öðru visi verið, frá þeirra sjónarmiði.

Í raun og veru er algjörlega tilgangslaust að finna að þessari afstöðu kommúnista. Þetta er einu sinni þeirra sannfæring. Og þar sem skoðanafrelsi rikir á annað borð, þar hafa þeir fullt leyfi til, að hafa þessa skoðun á skyldunum við ættjörð og föðurland.

8. júní

8. júní

Varnir Íslands — áhugamál frjálsra þjóða

Einna lubbalegast af áróðri kommúnista í sambandi við samninginn um varnir Íslands er tilraun þeirra til að leða því út, að Danir hafi sjerstaklega hælst um yfir því, að Íslendingar þyrstu að leita aðstoðar annara um varnir landsins.

Auðvitað skal hjer ekkiert um það sagt, hvort einhverjum Dana hefir dottið í hug sú fjarstæða, að Ísland hefði síður þurft á vörnum að halda, ef Íslendingar hefðu ekki lýst yfir fullu sjálfstæði 1944. Ef einhver Dani hefir látið í slíkt skína, er það of fjarstætt til þess að það sje svaravert.

Hitt er víst, að það eru aðrir en Danir, sem hafa útbreytt þá lýgi, að varnarsamningurinn sje skerðing á sjálfstæði Íslands. — Strax eftir að samningurinn var tilkynntur sagði rússneska blaðið Pravda, að gerð hans sýndi, að „amerikónsku heimsveldissinnarnir væru búinir að yfirtaka landið með öllu, lausu og föstu“.

Pegar þessi fjarstæða var sögð fyrst í Pravda og síðan margtuggin í öðrum blöðum og rússneska útvarpinu vildi svo til, að „íslenska menningarnefndin“ var stödd í Rússlandi. E. t. v. hefði einhverjum komið tilugar, að nefndarmenn leiðrjettu vitleysuna.

Því fór fjarri. Kristinn Andresson kallaði samað blaðamannafund. Sagðist vera „Formand for Fredens Venner i Island“ og staðfesti, að búið væri að hernema allt Ísland.

Svo sem nærrí má geta stóð ekki á dönskum kommúnistum að endurtaka þessa lýgi. Hafa þeir með venjulegum bægslagangi breitt sig mjög yfir hana.

Pessvegna var það, að utanríkisráðherra Dana, Ole Björn Kraft, sagði í umræðum á danska ríkisþinginu þann 23. maí s.l., er hann svaraði kommúnistum, „að alls ekki væri um að ræða hernám Íslands heldur samvinnu frjálsra þjóða innan ramma Atlantshafssamningsins“.

Í þessum ummælum kemur fram sjónarmið allra ábyrgra og góðviljaðra Dana. Þeir vita, að varnir Íslands eru sameiginlegt áhuga- og hagsmunamál allra frjálsra þjóða.

9. júní

9. júní

Sigfús trúir á kokteilinn til „menningarsambanda“

Þjóðviljinn í gær skýrir frá umraðum, sem orðið hafa á bæjarstjórnarfundi s.l. fimmtdag um risnu bæjarstjórnar.

Blaðið byrjar með að vitna til ummæla bægarstjóra og segir:

„Spurði hann hvort Sósialistaflokkurinn ætlaðist til að lokað yrði fyrir öll menningarsambond við útlönd!!“

Sigfús Sigurhjartarson huggaði bægarstjóran með því, að ekki væri um neitt slíkt að ræða, hins vegar væri krafist að hóf væri á slíkri risnu, að munur yrði gerður á rausn og ofrausn. Erlendar borgir ljetu venjulega nægja að bjóða gestum sinum „kokteil“, en hjer væru þeir settir í matarveislu og það þætti ekki einu sinni nóg, heldur yrði líka að fara með þá, ef ekki til Geysis þá a. m. k. til Þingvalla“.

Samkvæmt þessum ummælum Sigfúsar Sigurhjartarsonar telur hann hæpið, að matarveisur styrki „menningarsambond við útlönd“, en alveg fráleitt að ferðir til Þingvalla, hvað þá til Geysis, geri það.

Að sýna útlendingum eitt mesta náttúrunundur veraldar, er alger „ofrausn“ á máli Sigfúsar Sigurhjartarsonar.

Hið eina örugga ráð, sem Sigfús veit til að auka „menningarsamböndin“ er að bjóða útlendingum í „kokteil“. Það er hin eina „risna“, sem hann telur „rausn“ en ekki „ofrausn“.

Ekki er enn vitað, hvort Sigfús Sigurhjartarson verður jafn áfjáð ur í að hoða þessa kenningu á stórstúkupinginu eins og á bæjarstjórnarfundinum s.l. fimmtdud.

Fra íslenzkum stúdentum á Norðurlöndum

Fimmtudaginn 7. júní, s.l. héldu kommúnister í Oslo "portfund" þar í bænum, en slikir fundir eru þer haldnir á svo kölluðu Youngstorgi.

Fyrsti ræðumaðurinn á portfundi þessum var "Íslendingin" Asmundur Sigurdjónsson". Mun það vera sami pilturinn, sem nú um langt skeið hefur ásat Jóni professor Helgasyni, verið einn helzti áróðursmaður Komminform meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn.

Eins og kunnugt er, hafa Komminform-menn sérstaka útsendara á Norðurlöndum, til að reyna að veiða sélir þeirra íslenzkunámsmenn, sem þar eru. Í Kaupmannahöfn hafa þeir áskundur professor Jóns og Asmundur sem sagt haft þennan sterfa á hendi. Hefur í Stokkhólmi ~~hafnar~~ Björn Franzson gegnt honum all-lengi og nú fengið sér til aðstoðar Einar noklurn Braga. -- Um stúdenta í Oslo hefur Sigurður Blöndal átt að annast.

Til viðbótar þessum fastbúsettu erindrekum hefir svo Haukur Björnsson verið. Hann hefir ferðast á milli oghonum skotið upp, þegar mikið er í húfi og ályktanir eru pantasgar annaðhvort frá Skólevörðustíg 19, eða beint að sustan.

Haukur hefir að vísu verið tregur til að borga skuldir sínar hér og hefir þótt ráðlegt að dvelja ekki á Íslandi undarfarið. Úti í löndum hefir hann hins vegar nógæ peninga

og getur veitt vel, þegar þarf að fá góðar samþykktir.

Slikur er félagsskapurinn, sem Ásmundur þessi kemur úr.
Fréðslan sem hann veitti um Íslands, var þá eftir því. Hann lauk
máli sín með þessum orðum.-

"Við íslendingar höfum beðið hinn mesta ósigur, sem nokkur
sjálfræði
þjóð getur beðið, við höfum tapt þjóblegu freksí okkar, frelsi
okkar!!!!"

Óþarf er að taka fram, að eftir að hafa sagt þetta rugl
var ræðumaðurinn "hyllet med varmt bifall av forsamlingen".

Kommer grúnaðir

Í fyrradag var frá því sagt hér í blaðinu hvernig kommún-
istar hafa margendurtekið áróðurslygar sínar um fundinn, sem
þeir héldu hérna við barnaskólann og breitt það út um allar
jarðir meira að segja austur til Kína að fundurinn hafi verið
geysifjölmennur. Jafnvel að þar hafi "óll Þjóðin" verið saman-
komin.

Í sambandi við þessa frásagn, var þess getið að myrdin í
Morgunblaðinu zzz af fundi þessum sannaði, AD PAR VAR EKKI
FLEIRA FÓLK EN 650 - 700 MANNS.

Þjóðviljinn hevur ekki þessu máli í gær. Lætur
svo sem ekki hafi samþykki að myndin í Morgunblaðinu sé að
hans álti órék sönnun þess, hversu fundurinn var sérstaklega
fámannur.

Séu kommúnistar gugnaðir á að halda fram fjarstæðum um í-
myndað eða upplagið fjölmenni á fundi þessum, er vissulega
um eftirtektarverða framför að ræða, i frekkaflu Íslands.